

Starfslýsing, námsráðgjafi

Starf

Náms- og starfsráðgjafi

Næsti yfirmaður

Skólameistari

Starfshlutfall

90 - 100%

Tilgangur og markmið starfs

Meginmarkmið náms- og starfsráðgjafar er að efla vitund einstaklinga um hæfileika sína, viðhorf og áhuga þannig að þeir geti notið sín í námi og starfi og stuðla að velferð einstaklinga með hagsmuni þeirra að leiðarljósi. Ráðgjöfinni er ætlað að auðvelda fólki, á hvaða aldri sem er og við hvaða aðstæður sem er, að átta sig á styrkleikum sínum, færni og áhuga til að eiga hægara með að ákveða stefnu í námi og starfi.

Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa

- Liðsinna nemendum í einkamálum er snerta skólavist þeirra, veita þeim ráðgjöf í persónulegum málum og leiðbeina um námsval og starfsval
- Hafa samband við forráðamenn nemenda þegar þörf er talin á
- Fylgjast með námsgengi nemenda skólans í samvinnu við brautarstjóra/stjórnendur
- Liðsinna kennurum vegna námsvanda nemenda
- Leiðsögn og fræðsla um skipulagningu tíma og áætlanagerð
- Leiðsögn og fræðsla um námstækni (s.s. námsaðferðir, lestraraðferðir og prófundirbúning)
- Leiðsögn og fræðsla um lífsstíl og venjur sem stuðlað geta að aukinni einbeitingu, úthaldi og auknu tilfinningalegu jafnvægi
- Veita leiðsögn og ráðgjöf um streitu- og kvíðastjórnun
- Stuðningur við einstaklinga með sérþarfir í samstarfi við aðra fagaðila
- Sjá um mat og greiningu á úrræðum fyrir einstaklinga með sérþarfir
- Hafa samstarf við yfirvöld, sérfræðinga og þjónustuaðila í málefnum einstaklinga með sérþarfir
- Sjá um tilvísanir og samstarf við sérfræðinga í sértækum málum
- Hópráðgjöf/námskeiðahald sem styrkja einstaklinginn í námi (s.s. námstækni og prófkvíði)
- Halda utan um starf umsjónarkennara og hafa samband við aðrar fagstéttir þegar þörf er talin á að vísa málum nemenda þangað
- Skipuleggja námskynningar á vegum skólans í samvinnu við brautarstjóra
- Fylgjast með og taka þátt í að þróa og samræma námsráðgjöf og starfa með námsráðgjöfum í framhaldsskólum og öðrum skólum eftir því sem þörf er talin á

Starfslýsing, námsráðgjafi

- Vera skólameistara og skólaráði til ráðuneytis um mál er tengjast starfinu
- Sitja fundi skólaráðs
- Skila skýrslu í lok skólaárs til skólameistara um helstu viðfangsefni sín á skólaárinu

Ábyrgð

Ber ábyrgð á náms- og starfsráðgjöf hjá Menntaskólanum á Akureyri og að verkefni sem undir hann falla séu unnin að heilindum.

Menntun, reynsla og hæfni

Starfsheitið náms- og starfsráðgjafi er lögverndað og þurfa námsráðgjafar að hafa leyfisbréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti. Rétt til að kalla sig náms- og starfsráðgjafa og starfa sem slíkur hefur sá einn sem til þess hefur leyfi [ráðherra], 1) sbr. 2. mgr. Leyfi skv. 1. mgr. skal veita umsækjanda sem lokið hefur námi í náms- og starfsráðgjöf frá háskóla sem hlotið hefur viðurkenningu [ráðherra]. Starfsfólk framhaldsskóla skal hafa hreint sakavottorð skv. 4. mgr. 8. gr. laga framhaldsskóla nr. 92/2008.

Annað

Náms- og starfsráðgjafa er skylt að rækja starf sitt af alúð og samviskusemi. Hann skal koma stundvíslega til starfa og gæta kurteisi, lipurðar og réttisýni í starfi sínu og forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu og utan þess sem honum er til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á starfið eða starfsgreinina, sbr. 14. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Skylt er náms- og starfsráðgjafa að hlýða löglegum fyrirskipunum skólameistara um starf sitt, sbr. 15. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Áður en náms- og starfsráðgjafi stofnar til atvinnurekstrar eða hyggst taka við starfi í þjónustu annars aðila samhliða starfi ber honum að skýra skólameistara frá því, sbr. lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Náms- og starfsráðgjafa er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt viðkomandi láti af starfi sbr. 20. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.